

Mál nr. 199/2017

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bílaplani bílasölu við Breiðhöfða, Reykjavík 18.5.2017.**Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 20.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 21.6.2017

Bréf V2, dags. 6.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðaplani bílasölnnar bilaplan.is við Breiðhöfða í Reykjavík. Ökumaður B kveðst hafa ekið hægt eftir bifreiðastæðinu þegar A hafi verið ekið á mikilli ferð fyrir horn í veg fyrir hann. Kveðst ökumaður B hafa stöðvað áður en árekstur varð. Ekkert er haft eftir ökumanni A en vitni staðfestir framburð ökumanns B.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji að leggja beri alla sök á ökumann B þar sem honum hafi borið að veita umferð frá hægri forgang við akstur um bifreiðaplanið. Ljóst sé að á vettvangi gildi almennur umferðarréttur. Jafnframt mótmælir félagið því sem ósönnuðu að A hafi verið ekið ógætilega og of hratt.

Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji að leggja beri alla sök á ökumann A þar sem A hafi verið ekið á mikilli ferð, m.v. aðstæður. Þá hafi B ekki verið kominn fyrir hornið á akleiðinni og því eigi reglur um hægri varúð ekki við. Jafnframt hafi ökumaður B verið búinn að stöðva ökutækið áður en atvikið átti sér stað. Tjónið megi því rekja til ógætlegs aksturs A.

Álit.

Á bílaplaninu gilda almennar umferðarreglur og því bar ökumanni B að veita umferð frá hægri forgang. Það gerði hann ekki og ber hann því megin sök á árekstrinum. Hins er það staðfest með framburði vitnis að A hafi verið ekið of hratt og ógætilega miðað við aðstæður, en um er að ræða bílaplan bílasölu þar sem margir bílar eru og útsýni takmarkað. Þykir því rétt að ökumaður A beri hluta sakar. Með hliðsjón af framangreindu sjónarmiðum verður sök skipt þannig að ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.